

Vinnslusamningur

Vinnslusamningur þessi gildir gagnvart öllum samningsaðilum Endor sem hafa skrifað undir þjónustusamning eða ráðgjafasamning við Endor. Vinnslusamningur þessi á við ef þjónusta Endor snýst á einhvern hátt um vinnslu á persónugreinanlegum upplýsingum.

1. Skilgreiningar

1.1 Hugtök í samningi þessum s.s. **ábyrgðaraðili, vinnsluaðili, persónugreinanleg gögn** og **vinnsla** persónugreinanlegra upplýsinga hafa sömu merkingu og í lögum um persónuvernd.

1.2. Með **lögum um persónuvernd** er átt við reglugerð Evrópuþingsins og Evrópuráðsins um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga (GDPR) 2016/679 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

1.3. Samkvæmt samningi þessum er Endor vinnsluaðili í skilningi laga um persónuvernd og samningsaðili eða verkkaupi er ábyrgðaraðili og fer um skyldur þeirra samkvæmt ákvæðum laga um persónuvernd.

1.4. Með staðfestingu samnings þessa lýsir Endor því yfir gagnvart ábyrgðaraðila að Endor mun gæta fyllsta trúnaðar varðandi allar þær persónugreinanlegu upplýsingar sem félagið fær aðgang að eða vitneskju um hjá ábyrgðaraðila eða sem tengjast starfsemi hans.

2. Persónuvernd

2.1. Til þess að uppfylla skyldur sínar gagnvart ábyrgðaraðila vinnur Endor með persónugreinanlegar upplýsingar og ber Endor að meðhöndla slíkar upplýsingar í samræmi við vinnslusamning þennan. Í því sambandi skiptir meginmáli að Endor vinni eingöngu með persónugreinanlegar upplýsingar í samræmi við tilgang vinnslunnar.

2.2. Í þjónustusamningi aðila er nákvæmlega lýst í hverju þjónusta Endor felst og hvaða persónugreinanlegu upplýsingar Endor fær aðgang að. Ábyrgðaraðili ber fulla ábyrgð á því að þær persónugreinanlegu upplýsingar sem Endor fær aðgang að séu réttar og veittar með samþykki viðkomandi einstaklinga. Jafnframt ber ábyrgðaraðili ábyrgð á því að upplýsinganna hafi að öllu leyti verið aflað í samræmi við lög um persónuvernd.

2.3. Ábyrgðaraðili ber jafnframt ábyrgð á því að þær persónugreinanlegu upplýsingar sem Endor fær aðgang að innihaldi ekki viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga um persónuvernd.

2.4. Endor skal tryggja trúnað um vinnslu þeirra persónugreinanlegu upplýsinga sem samningur þessi tekur til og í því sambandi tryggja að þeir starfsmenn Endor sem hafa aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum við framkvæmd samningsins hafi undirritað trúnaðaryfirlýsingu eða séu með öðrum hætti bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum.

Jafnframt skal Endor tryggja að viðkomandi starfsmenn hafi fengið viðeigandi þjálfun í meðferð persónugreinanlegra upplýsinga.

2.5. Endor skal gæta þess að tæki og tól, vörur, forrit og þjónusta séu hönnuð með innbyggða og sjálfgefna persónuvernd að leiðarljósi.

2.6. Endor skal aðstoða ábyrgðaraðila við að framkvæma mat á áhrifum vinnslunnar á persónuvernd (MÁP) og veita honum alla mögulega ráðgjöf sem kostur er á hverjum tíma til þess að tryggja að lögum um persónuvernd sé fylgt við framkvæmd samnings þessa og vinnslu persónugreinanlegra upplýsinga.

2.7. Endor er skylt að viðhafa viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga frá ábyrgðaraðila og vernda þær gegn allri ólögumætri vinnslu. Ábyrgðaraðili kann að veita Endor frekari fyrirmæli um sérstakar öryggisráðstafanir til að gæta öryggis upplýsinga frá ábyrgðaraðila telji ábyrgðaraðili þess sé þörf vegna sérstakra aðstæðna eða atvika.

2.8. Við uppsögn þjónustusamnings skal Endor láta ábyrgðaraðila í té allar persónugreinanlegur upplýsingar sem hann hefur undir höndum og falla undir samning aðila eða staðfesta förgun á þeim sé förgun heimil. Tekur framangreint til upplýsinga í hvaða formi sem er.

2.9. Endor skal halda skrá yfir alla vinnslustarfsemi sem fram fer fyrir ábyrgðaraðila.

2.10. Endor er óheimilt að afhenda eða framselja persónugreinanlegar upplýsingar til þriðja aðila nema það sé skylt samkvæmt lögum.

2.11. Endor er heimilt að nota þjónustu undirvinnsluaðila til að framkvæma tiltekna vinnsluáðgerðir en þá ber hann einnig ábyrgð á þeirri vinnslu samkvæmt ákvæðum þessa samnings. Þegar Endor vill nýta sér þjónustu undirvinnsluaðila eða fela undirvinnsluaðila ný verkefni þá er Endor skylt að afla sérstaks skriflegs samþykkis frá ábyrgðaraðila áður en gengið er til samninga við undirvinnsluaðilann.

3. Öryggisbrot

Endor skal með sannanlegum hætti tilkynna ábyrgðaraðila án tafar um hvers konar öryggisbrot sem hann verður verður áskynja um við framkvæmd samnings þessa. Með tilkynningunni skulu fylgja viðeigandi gögn sem nauðsynleg eru til þess að ábyrgðaraðili geti tilkynnt brotið til Persónuverndar.

4. Samvinna

Endor er skylt að útvega ábyrgðaraðila öll nauðsynleg skjöl til að hann geti sýnt fram á reglufylgni og til að ábyrgðaraðili eða úttektaraðili geti framkvæmt úttektir eða skoðanir og veita aðstoð við slíkar úttektir. Jafnframt skal Endor að því marki sem hægt er aðstoða ábyrgðaraðila við að bregðast við erindum skráðra einstaklinga vegna réttar þeirra, samkvæmt lögum um persónuvernd, hvort sem um er að ræða fyrirspurnir eða andmæli.

5. Flutningur gagna

Endor ábyrgist að vinnsla persónugreinanlegra gagna fari ekki fram fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið án skriflegs samþykkis ábyrgðaraðila.

6. Lög og lögsaga

Leysa skal úr ágreiningi sem upp kann að rísa á milli aðila fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Endor

Ábyrgðaraðili
